

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Kópavogsbraut 58 - Þinghólsskóli. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar 28. mars 2023 breytt deiliskipulag fyrir lóðina nr. 58 við Kópavogsbraut.

Í breytingunni felst að komið verður fyrir nýjum byggingarreit um 24 m x 6 m að stærð fyrir lausar skólastofur á suðvesturhluta lóðarinnar, að hámarki 144 m² að flatarmáli.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 4. apríl 2023.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 21. apríl 2023